

**Mál nr. 423/2022**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila (V)**

**Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.**

**Nafn váttryggingartaka (X)**

**Gildissvið váttryggingarskilmála. Undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 20. desember 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 9. janúar 2023, ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 12. janúar 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 26. janúar 2023.

**Málsatvik.**

M, starfsmaður tiltekins sveitarfélags, lenti í umferðarslysi frítíma sínum, 6. febrúar 2022. Gerði M kröfu um að V viðurkenni greiðsluskyldu úr slysáttryggingu sem sveitarfélagið er með í gildi hjá V samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélagsins. V hafnaði hins vegar bótaskyldu á þeim grundvelli að tjón af völdum umferðarslysa, þegar starfsmaður er ekki við störf sín, falli ekki undir slysáttrygginguna.

M fellir sig ekki við þá afstöðu og vísar til þess að í ákvæðum váttryggingarskilmála V um slysáttryggingu launþega komi fram í 7. gr. að þegar bótaréttur er fyrir hendi vegna umferðarslyss úr lögboðinni ökutækjatyrggingu þá stofnist ekki bótaréttur úr slysáttryggingu launþega, nema annað komi skýrt fram í kjarasamningi. M vísar þá til ákvæðis í gr. 7.1.7 í kjarasamningi M vegna starfa hennar og þar komi fram að skilmálar sem um slysáttryggingu gildi séu almennir skilmálar sem séu í gildi fyrir atvinnuslysáttryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga [SÍT], með þeim frávikum sem í kjarasamningi greinir. Þannig vísar M til þess að í ákvæðum kjarasamnings komi fram að tryggingin gildi allan sólarhringinn auk þess sem hún gildi þrátt fyrir váttryggingu annars staðar, sbr. ákvæði kjarasamningsins í gr. 7.1.8 og 7.1.9. Slysáttrygging M verði því að fara eftir ákvæðum kjarasamningsins sjálfs, ákvæði hans gildi um frávík en ekki skilmálar tryggingarinnar sjálfrar né heldur almennir skilmálar SÍT fyrir atvinnuslysáttryggingar launþega sem kjarasamningurinn vísar til. Telur M þar af leiðandi að hún eigi bótarétt úr tryggingunni þar sem tjón vegna umferðarslyss í frítíma falli undir slysáttryggingu launþega hjá félaginu. M vísar til þess að við túlkun umræddra ákvæða verði að líta til þess að váttryggingarskilmálar séu almennt samdir einhliða af váttryggingarfélagi og ef vafi sé um þýðingu eða skilning ákvæða þeirra verði að túlka slíkan vafa V í óhag skv. almennum túlkunarreglum. Einnig vísar M til orðalags kjarasamninga almennt um að umferðarslys séu undanþegin í slysáttryggingum en ekki sé sambærileg ákvæði í kjarasamningum t.d. X og einhverra annarra sveitarfélaga. M telur að tilvísun til dóms Hæstaréttar í máli nr. 405/2016 eigi ekki við þar sem ekki var samið um sambærileg frávík í þeim samningi sem þar var til umfjöllunar og í kjarasamningi M.

V hafnar röksemdum M og vísar til 7. gr. váttryggingarskilmála um slysáttryggingu launþega þar sem komi fram að félagið greiði ekki bætur sé bótaréttur fyrir hendi samkvæmt lögboðinni ökutækjatyrggingu, þ.e. hvort heldur úr ábyrgðartryggingu eða slysáttryggingu ökumanns og eiganda, nema annað komi skýrt fram í kjarasamningi. V hafnar því að það komi skýrt fram í kjarasamningi að launþega sé tryggður réttur til bóta úr slysáttryggingu launþega vegna umferðarslysa og heildartúlkun á slysáttryggingarkafla kjarasamningsins leiði heldur ekki til þeirrar niðurstöðu. V vísar til þess að í gr. 7.1.7 í kjarasamningi M sé vísað til almennra skilmála sem voru í gildi fyrir atvinnuslysáttryggingar launþega hjá SÍT og þá hafi undanþága vegna umferðarslysa þá þegar verið fyrir hendi og bæði í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 232/2021 og í dómi Hæstaréttar í máli 405/2016 hafi verið staðfest að sams konar tilvísun taki af vafa um að bótaréttur vegna umferðarslysa sé ekki fyrir hendi úr slysáttryggingu launþega. Þannig telur V að með engu móti sé skýrt að bótaréttur sé fyrir hendi til handa M úr slysáttryggingu launþega. Ekki þurfi að orða undanþágu sérstaklega í kjarasamningnum sjálfum. Einnig nefnir V til áréttingar að dómur Hæstaréttar í máli nr. 405/2016 sé fordæmi fyrir afstöðu félagsins varðandi fyrirmyndir skilmála sem vísað er til í kjarasamningum sem gerðir hafa verið eftir árið 2000.

**Álit.**

Í váttryggingarskilmálum slysáttryggingar launþega hjá V kemur fram að félagið greiði ekki bætur vegna slyss þegar bótaréttur vegna slyssins er fyrir hendi skv. lögboðinni ökutækjatyggingu þ.e. ábyrgðartryggingu eða slysáttryggingu ökumanns og eiganda, nema annað leiði af kjarasamningi, sbr. 7. gr. Samkvæmt framangreindu er ljóst að bótaréttur er ekki fyrir hendi úr slysáttryggingunni, nema annað leiði af kjarasamningi. Verður því að leggja mat á það hvort ákvæði kjarasamningsins feli í sér að tjón vegna umferðarslysa falli undir slysáttryggingu launþega.

Í fyrsta lagi segir í gr. 7.1.7 kjarasamningsins að skilmálar slysáttryggingar þeirrar sem fjallað er um í kjarasamningnum séu almennir skilmálar, sem í gildi voru fyrir atvinnuslysáttryggingar launþega hjá SÍT, þegar kjarasamningurinn var gerður, eftir því sem það á við og með þeim frávikum sem í kjarasamningnum greinir.

Kjarasamningurinn sem M starfaði eftir á slysdegi gildi frá 1. janúar 2020 til 31. mars 2023 og var því í gildi þegar M slasaðist. Fyrir liggur að SÍT var lagt niður þegar það sameinaðist öðrum félögum undir heitinu Samtök fjármálafyrirtækja í ársbyrjun 2007. Það er því ljóst að engir almennir skilmálar voru í gildi hjá SÍT þegar kjarasamningurinn var gerður. Síðustu skilmálar SÍT virðast skv. gögnum málsins hafa verið gerðir þann 5. júní 2000. Við túlkun á því hvaða þýðingu það hefur í kjarasamningum þegar vísað er til fyrrgreindra skilmála sem ekki eru lengur í gildi verður að líta til dóms Hæstaréttar í máli nr. 405/2016 þar sem fram kemur að almenn tilvísun til skilmála SÍT í kjarasamningum eftir að SÍT var lagt niður feli í sér að samningsaðilar hafi sammælt um að bótaréttur skv. kjarasamningi skuli ráðast af þeim skilmálum sem SÍT gaf út þann 5. júní 2000. Í þágildandi skilmálum SÍT, nánar tiltekið í gr. 12.1, kom fram að ekki greiðast bætur vegna varanlegrar örorku ef bótaréttur vegna slyssins er fyrir hendi skv. lögboðinni ökutækjatyggingu. Sambærilegt ákvæði er sem fyrir segir í gr. 9.17 í váttryggingarskilmálum V. Ekkert kemur fram í kjarasamningnum sjálfum eða öðrum gögnum sem bendir til þess að líta hafi átt framhjá hefðbundnum váttryggingarskilmálum vegna slysáttryggingarkafla kjarasamningsins.

Það eitt að í ákvæðum kjarasamnings í gr. 7.1.8 og 7.1.9 komi fram að váttrygging gildi allan sólarhringinn eða þó önnur váttrygging sé í gildi, vikur ekki til hliðar þeirri tilvísun sem er í gr. 7.1.7 um að um slysáttryggingu kjarasamningsins gildi tilgreindir skilmálar, sbr. þágildandi gr. 12.1 í almennum skilmálum slysáttryggjenda SÍT. Þá segir auk þess skýrlega í gr. 7.1.8. kjarasamningsins að takmarkanir á bótaskyldu, sem um geti í tryggingaskilmálum, falli niður þegar starfsmaður er við störf sín eða á ferðalagi vegna þeirra vegna nema tjón hljótist af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Af því leiðir að takmarkanir á bótaskyldu, svo sem tilgreindar eru í váttryggingaskilmálum slysáttryggingar V, halda gildi sínu þegar starfsmaður verður fyrir slysi í frítíma, þ.m.t. að bótaréttur falli niður þegar bótaréttur er fyrir hendi samkvæmt lögboðinni ökutækjatyggingu.

Af þessum sökum og í ljósi þess að M á bótarétt vegna slyssins úr lögboðinni ökutækjatyggingu er það niðurstaða nefndarinnar að M eigi ekki bótarétt úr slysáttryggingu launþega X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysa- og sjúkratyggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 28. febrúar 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir